

82

26. maí

## 3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

## 4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 sídd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við og liggja sektir við, ef út af er brugðið.

## 5. gr.

Verzlunum, ölstofum og knattborðstofum ber að hafa eintak af reglugerð þessari hangandi á vegg inni á sölustaðnum.

## 6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

83

15. júní

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Jöhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum 15. júní 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Jöhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði.

## 1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Minningarsjóður frú Jöhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði“, og er stofnaður til minningar um frú Jöhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði, er andaðist 5. marz 1934, 26 ára gömul. Stofnfé sjóðsins er kr. 1200.00 — eitt þúsund og tvö hundruð krónur — frá eftirlifandi eiginmanni hennar, Guðjóni E. Jónssyni, bankaútibússtjóra, Ísafirði.

## 2. gr.

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands, Reykjavík, að nafnverði kr. 1000.00, og innstæðu í sparisjóðsbók við útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði að upphæð kr. 200.00.

Skal fé sjóðsins jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðr- 83  
um veðvaxtabréfum jafntryggum, er koma kunna í þeirra stað, ef veðdeild Lands- 15. júní  
bankans yrði lögð niður. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxta-  
bréfafúlgú sjóðsins á hverjum tíma, geymast í sparisjóði Landsbankans á Ísafirði.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum á sjúkrahúsi Ísafjarðar, án tillits til þess hvaðan sjúklingar þessir eru. Til styrkveitinga má verja allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en  $\frac{1}{4}$  hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 50000.00. Úr því má verja  $\frac{1}{10}$  hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en  $\frac{9}{10}$  hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit og vextir af eignum hans. Reikningshaldari sjóðsins er bæjarfógetinn á Ísafirði, eða sá er kemur í hans stað, ef því embætti kynni að verða breytt. Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum bæjarreikninga Ísafjarðarkaupstaðar. Reikningshaldari sjóðsins, læknir sjúkrahúss Ísafjarðar, og sóknarpresturinn á Ísafirði hafa á hendi úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum.

### 5. gr.

Fyrsta úthlutun á styrk úr sjóðnum skal fara fram 13. desember 1957, en þann dag eru liðin 50 ár frá fæðingu Jóhönnu Bjarnadóttur. Eftirleiðis skal úthluta styrknum hinn 13. desember ár hvert.

### 6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 19. maí 1939.

## S A M Þ Y K K T

### fyrir Veidifélag Straumfjarðarár.

84

15. júní

### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Straumfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi.

### 2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak,
2. að leigja ána til stangaveiði eða að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sam-  
eiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

### 3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Straumfjarðará. Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur jarða þeirra, sem lönd eiga að ánni, en þær eru:

Hrisdalur, Dalur, Hofstaðir, Straumfjarðartunga, Borgarholt, Fáskrúðarbakki, Stakkhamar og Laxárbakki.